

Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. september 2019
Tilvísun: OS2019060045/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Framlenging á leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík til eins árs

Vísað er til erindis Björgunar ehf., dags. 24. júní 2019, þar sem óskað er eftir framlengingu til eins árs á leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík, útgefnu af Orkustofnun þann 29. júní 2009 til tíu ára (leyfi nr. OS-2009-L011-01).

Þann 16. janúar 2019 sótti Björgun um leyfi til tuttugu ára til töku á allt að 2.470.000 rúmmetrum af malarefni í sömu námum og fyrra leyfi tekur til. Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 21. janúar sl. Við nánari yfirferð umsóknarinnar, og annarra umsókna fyrirtækisins um leyfi til efnistöku í Kollafirði, í Hvalfirði og í sunnanverðum Faxaflóa, komu í ljós frekari álitæfni og í því ljósi var óskað eftir fundi með fulltrúum Björgunar til yfirferðar á stöðu mála. Sá fundur fór fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins þann 11. apríl sl. og í lok hans var sammælt um að Björgun myndi taka afstöðu til þeirra spurninga sem fram voru lagðar, m.a. um umfang efnistöku.

Í ljósi framkominna ábendinga sendi Björgun ehf. inn breytta umsókn með bréfi dags. 24. júní sl. Þar sem ekki yrði lokið afgreiðslu á breyttri umsókn innan þess tíma sem fyrra leyfi rynni út óskaði fyrirtækið jafnframt eftir framlengingu fyrra leyfis til eins árs, til sömu efnistökusvæða og að framan greinir, innan sömu námumarka og fyrra leyfi og þess efnismagns sem veitt var leyfi fyrir. Fram kemur í umsókn að langt er gengið á leyfilegt efnismagn í námunni á Viðeyjarflaki en enn er umtalsvert eftir af umsóttu efnismagni fyrra leyfis á öðrum svæðum.

Í ljósi framanritaðs og fram lagðra gagna leyfishafa fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefið leyfi til efnistöku af hafsbotni á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík í Kollafirði, dags. 29. júní 2009, verði framlengt til 29. júní 2020 meðan unnið er að afgreiðslu nýrrar leyfisumsóknar. Skilmálar þeir er fylgdu útgefnu leyfi skulu haldast óbreyttir með leyfi þessu.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, samkvæmt 6. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga, nr. 130/2011, skal kæra til úrskurðarnefndar borin fram innan eins mánaðar frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur